

22. júní 1972.

357

Nr. 160.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um söluskatt nr. 169 21. ágúst 1970.

1. gr.

1. og 2. mgr. 27. gr. orðist svo:

Söluskattskyldir aðilar og aðrir, sem tilgreindir eru á söluskattskrá sbr. 5. gr., skulu ótilkvaddir greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, söluskatt þann, sem þeim ber að standa skil á samkvæmt reglugerð þessari. Greiðslum skal fylgja skýrsla, á þar til gerðum eyðublöðum, um heildarveltu fyrir síðasta mánuð, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, söluskattskylda sölu og söluskatt þann, sem innna ber af hendi.

Söluskattskýrslu með upplýsingum um heildarveltu og frádrátt ber einnig að skila innheimtumanni fyrir hvert uppgjörstímabil, þótt ekki hafi verið um söluskattskylda sölu að ræða.

2. gr.

29. gr. orðist svo:

Skattstjóri skal rannsaka söluskattskýrslur og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt tilgreindur. Einnig skal skattstjóri áætla söluskatt af viðskiptum þeirra, sem ekki hafa greitt skattinn við framvísun fullnægjandi skýrslu innan tilskilins tíma.

Skattstjóri skal ársfjórðungslega semja skrá um söluskatt í umdæmi sínu fyrir 5. dag annars mánaðar frá lokum hvers ársfjórðungs fyrir ársfjórðunginn á undan, og skal skráin send innheimtumanni.

3. gr.

30. gr. orðist svo:

Söluskatti ásamt söluskattskýrslu, sbr. 27. gr., skal skila fyrir hvern mánuð. Gjaldþagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag, færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

4. gr.

31. gr. orðist svo:

Skattstjóri getur heimilað þeim, sem hafa smávægilegan rekstur með höndum, að greiða söluskatt við framvísun söluskattskýrslu einu sinni á ári, enda sé sölu-skattskyld velta yfirleitt minni en kr. 250 000.00 á ári.

5. gr.

38. gr. orðist svo:

Ef söluskattur er ekki greiddur og söluskattskýrslu ekki skilað á tilskildum tíma og skattur því áætlaður, skal ekki lækka skatt aðila, þótt hann kæri, nema hann sanni, að viðskipti hans hafi verið áætluð meira en 10% hærri en þau voru í reynd. Sé mismunur 10% eða meira, skal greiða skatt af hinum raunverulegu upphæðum að viðbættum 10%. Sé mismunur minni en 10%, skal greiða skatt af þeirri upphæð, sem áætluð var. Sama regla gildir, ef söluskattskýrslu er ábótavant og skattur þess vegna áætlaður, en ekki úr ágöllum bætt, þótt skattaðili hafi fengið um það áskorun frá skattstjóra. Ákvæðum þessarar málsgreinar þarf þó eigi að beita, ef skattaðili færir gildar ástæður sér til afsökunar.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan, má gera aðila söluskatt 5 ár aftur í tímann.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 og nr. 3/1970, öðlast gildi 1. júlí 1972.

Fyrsti gjalddagi samkvæmt reglugerðinni er 15. september 1972, en þá fellur í gjalddaga söluskattur fyrir júlí og ágúst, en söluskattur fyrir þá mánuði verður greiddur í einu lagi og er eindagi hans 25. september 1972. Næsti gjalddagi verður 15. október 1972, en þá fellur í gjalddaga söluskattur fyrir september, en eindagi hans er 25. október 1972.

Fjármálaráðuneytið, 22. júní 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.